

## AUGLÝSING

### um birtingu á tiltekinni ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar á sviði fjármálaþjónustu sem tekin hefur verið upp í EES-samninginn.

Eftirtalin ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar felur í sér að tiltekna reglugerðir á sviði fjármálaþjónustu eru teknar upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993 þar sem samningurinn var upphaflega birtur:

1. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/2020 frá 7. febrúar 2020, sjá fylgiskjal nr. 1 með auglýsingu þessari.

Sú ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem að framan greinir er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Birtingin er liður í undirbúningi þess að fjármála- og efnahagsráðherra leggi fyrir Alþingi lagafrumvarp til innleiðingar á viðkomandi reglugerðum í íslenskan rétt, með þeim aðlögunum sem gerðar hafa verið við upptöku þeirra í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Sama ákvörðun verður jafnframt á síðara stigi birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 23. mars 2022.*

F. h. r.

**Guðrún Þorleifsdóttir.**

---

*Elísabet Júlíusdóttir.*

**Fylgiskjal 1.****ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 22/2020****frá 7. febrúar 2020****um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1131 frá 14. júní 2017 um peningamarkaðssjóði <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/990 frá 10. apríl 2018 um breytingu á og viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1131 að því er varðar einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun (STS-verðbréfun) og eignavarin viðskiptabréf, kröfurnar vegna eigna sem tekið er við sem hluta af endurhverfri verðbréfasölu og aðferðafræði við mat á láns hæfisgæðum <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/708 frá 17. apríl 2018 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát sem stjórnendum peningamarkaðssjóða ber að nota við skýrslugjöf til lögbærra yfirvalda eins og mælt er fyrir um í 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1131 <sup>(3)</sup>.
- 4) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*I. gr.*

Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 311rb (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1275) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„31m. **32017 1131**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1131 frá 14. júní 2017 um peningamarkaðssjóði (Stjtið. ESB L 169, 30.6.2017, bls. 8), breytt með:

– **32018 R 0990**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/990 frá 10. apríl 2018 (Stjtið. ESB L 177, 13.7.2018, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 við samning þennan, og nema kveðið sé á um annað í þessum samningi, ber að skilja hugtökin „aðildarríki/n“ og „lögbær yfirvöld“ þannig að þau taki til EFTA-rikkjanna og lögbærra yfirvalda þeirra auk merkingar þeirra í reglugerðinni, í þeirri röð.
  - b) Í c-lið 12. gr. koma orðin „ákvæðum EES-samningsins“ í stað orðanna „lögum Sambandsins“.
  - c) Í 2. mgr. 43. gr. og fyrsta málslíð 3. mgr. 43. gr. er orðunum „eða, Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðinu „ESMA“ [Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin].
  - d) Í 1. mgr. 44. gr. koma orðin „innan sex mánaða frá gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 22/2020 frá 7. febrúar 2020“ í stað orðanna „21. janúar 2019“.
- 31ma. **32018 R 0708**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/708 frá 17. apríl 2018 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát sem stjórnendum peningamarkaðssjóða ber að nota við skýrslugjöf til lögbærra yfirvalda eins og mælt er fyrir um í 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1131 (Stjtið. ESB L 119, 15.5.2018, bls. 5).
- 31mb. **32018 R 0990**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/990 frá 10. apríl 2018 um breytingu á og viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1131 að því er varðar einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun (STS-verðbréfun) og eignavarin viðskiptabréf, kröfurnar vegna eigna sem tekið er við sem hluta af endurhverfri verðbréfasölu og aðferðafræði við mat á láns hæfisgæðum (Stjtið. ESB L 177, 13.7.2018, bls. 1).“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 169, 30.6.2017, bls. 8.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 177, 13.7.2018, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 119, 15.5.2018, bls. 5.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2017/1131, framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/990 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/708, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. febrúar 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. febrúar 2020.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

**Clara Ganslandt**

*formaður.*

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.